



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

NPA miðstöðin svf.
Hátúni 12
105 Reykjavík

Reykjavík 24. ágúst 2020
2006034SA TP
Málalýkill: 16.10

Efni: Gerð kjarasamninga um störf aðstoðarfólks í NPA

Vísað er til bréfs NPA-miðstöðvarinnar svf. sem sent var til sveitarfélaga og Sambands Íslenskra sveitarfélaga þann 22. júní sl. Efni bréfsins var rætt á fundi sem haldinn var þann 12. ágúst sl.

Sem svar við bréfinu er fyrri afstaða áréttuð, þ.e. að sambandið mun ekki eiga aðkomu að gerð kjarasamninga um störf aðstoðarfólks í NPA enda séu þeir samningar alfarið á forræði stéttarfélaga annars vegar og hins vegar þeirra sem lögum samkvæmt bera atvinnurekendaábyrgð á þeirri starfsemi sem rekin er á grundvelli NPA-samninga. Frá upphafi innleiðingar á NPA hér á landi hefur verið gengið út frá því að sveitarfélög tækju ekki á sig atvinnurekenda- eða vinnuveitendaábyrgð vegna aðstoðarfólks í NPA. Þessi meginregla er alveg skýr enda fellur aðstoðarfólk ekki í flokk opinberra starfsmanna. Sambandið hefur því hvorki sóst eftir né fengið umboð frá sveitarfélögum til þess að taka þátt í undirbúningi eða gerð kjarasamninga milli stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði og umsýsluaðila.

Um leið og þessi afstaða er alveg skýr er jafnframt lögð áhersla á að framhalda því góða samstarfi sem verið hefur um faglega framkvæmd NPA (sbr. fyrra bréf dags. 15. apríl 2019). Sambandið telur mjög mikilvægt að áfram verði unnið að innleiðingu á þessu þjónustuformi, notendum til hagsbóta, enda þótt álitamál séu fyrir hendi og óútkljáð um fjármögnun þjónustunnar.

Á fyrrgreindum fundi var töluvert rætt um 16. gr. gildandi reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð þar sem fram kemur að framlag til launakostnaðar skuli „taka mið af kjörum aðstoðarfólks samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni“ (sjá 16. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 m.s.b.)

Sambandið leggur þann skilning í greinina að hún hafi að geyma viðmið sem lagt sé til grundvallar í viðræðum þeirra aðila sem koma að framkvæmd NPA-samninga hverju sinni. Ekki sé því um að ræða bindandi lágmarksfyrirmæli um hækkun á framlagi, enda myndi þá orðalagið vera með öðrum hætti auk þess sem þá væri ljóst að fyrirmælin myndu jafnt eiga við um sveitarfélög og ríkið en þessir aðilar bera lögum samkvæmt sameiginlega ábyrgð á fjármögnun verkefnisins. Minnt er á að samningar sveitarfélaga og umsýsluaðila (sbr. fyrirmynd dags. 9. október 2019) ganga að meginstefnu út frá því að viðmiðið sé sótt í kjarasamninga umsýsluaðila sem gilda á almennum vinnumarkaði og eigi að endurspegla kjarasamningsbundnar launahækkanir.

Út frá þessum forsendum hefur sambandið talið að nota megi launavísitölu sem Hagstofan reiknar út vegna starfsmanna á almennum vinnumarkaði, til þess að

endurspeglar þær kjarasamningsbundnu launahækkunir sem verða á almennum vinnumarkaði.

Á fyrrgreindum fundi var réttilega á það bent af hálfu NPA-miðstöðvarinnar að þetta viðmið (launavísitala á almennum vinnumarkaði) endurspegli ekki ýmsa þætti í kjarapróun aðstoðarfólks, sbr. kröfugerð sem Efling stéttarfélag hefur sett fram.


Hvað þetta varðar bendir sambandið á að reglugerð um NPA mælir fyrir um að eyrnamerkja skuli 5% af heildarkostnaði sem starfsmannakostnað sbr. 17. gr. rglg. og 10% sem umsýslukostnað sbr. 18. gr. rglg.

Þegar hugað er að öðrum þáttum en beinum kjarasamningsbundnum launahækkunum á almennum vinnumarkaði (sbr. gr. 10.1 í fyrirmynd að samningi sveitarfélaga og umsýsluaðila) þarf jafnframt að taka afstöðu til þess að hvaða marki 5% framlagi til starfsmannakostnaðar sé ætlað að standa undir slíkum þáttum. Þá hefur sambandið bent á að umsýsluaðili hljóti að bera kostnaðaráhættu vegna kjarapróunar starfsmanna sem hann gerir ráðningarsamninga við. Minnt er á að 10% framlagið var í öndverðu ákvarðað jafnhátt og raun ber vitni um vegna slíkra sjónarmiða.

Sambandið hefur kallað eftir því við félagsmálaráðuneytið að reglugerð um NPA verði þegar í stað tekin til endurskoðunar og að breyting verði á framkvæmd fjárhagslegra samskipta vegna verkefnisins á innleiðingartímanum, sem lögum samkvæmt stendur a.m.k. út árið 2022. Óskað er eftir góðu samstarfi við NPA-miðstöðina og notendur hennar um það verkefni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit: Félagsmálaráðuneytið